

Starfslýsing skemmtinefndar

1. Nefndin heitir skemmtinefnd. Fjöldi fulltrúa í nefndinni er 9.
2. Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs nefndin sér formann, ritara og gjaldkera til eins árs. Formaður tilkynnir stjórn félagsins (ritara) um verkaskiptingu nefndarinnar að loknum fundi.
3. Hlutverk nefndarinnar er að halda uppi afþreyingu fyrir félagsmenn eftir því sem henta þykir. Störf nefndarinnar miðast fyrst og fremst við þá viðburði sem eru á döfinni hverju sinni og samstarf við aðrar nefndir félagsins þegar það á við.
4. Hefð er fyrir því að nefndin haldi eftirtalda viðburði: árshátíð, nokkur kráarkvöld og vorhátíð. Kaffinefnd félagsins aðstoðar skemmtinefnd á vorhátíð. Nefndin ásamt ferðanefnd býður upp á jólahlaðborð (keyptur matur og þjónusta). Nefndin sér um bingó sem haldin eru vikulega í Bugðusíðu.
5. Nefndin getur sbr. 9. gr. laga félagsins fengið aðra félagi til starfa við viðburði þegar þurfa þykir.
6. Viðburðir nefndarinnar fara að mestu leyti fram í félagsmiðstöð eldri borgara í húsnæði Akureyrarkaupstaðar í Bugðusíðu. Samráð um notkun þarf að hafa við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar eftir því sem við á. Nefndin ber ábyrgð á því þegar viðburði lýkur að ganga frá í sal, loka gluggum, slökkva ljós og læsa hurðum.
7. Nefndinni er heimilt að bjóða félagsmönnum betri kjör á aðgangseyri, en þeim sem eru utan félagsins, á viðburði sem nefndin stendur fyrir.
8. Nefndin hefur aðgang að skrifstofu félagsins í Bugðusíðu til fundahalda og geymslu á því sem tilheyrir starfsemi. Nefndin skráir fundi í dagbók sem liggur frammi. Stjórnarfundir og viðvera stjórnarmanna á skrifstofu njóta forgangs varðandi notkun á skrifstofunni.
9. Nefndin heldur til haga skriflegum gögnum sem verða til í starfi hennar s.s. fundargerðir o.fl. Gögnin skulu geymd á skrifstofu félagsins. Nefndin hefur aðgang að tölvu á skrifstofunni og sitt heimasvæði fyrir gögn sem heppilegt er að geyma á rafrænu formi.
10. Nefndin auglýsir viðburði í fjölmiðlum og einnig á heimasíðu félagsins. Tilkynningar, myndefni, fréttir og annað efni er æskilegt að birt sé á heimasíðu félagsins í samráði við umsjónarmenn hennar.

11. Formaður nefndarinnar gerir grein fyrir fyrirhuguðu starfi nefndarinnar á árlegum haustfundi stjórnar með formönnum nefnda og fleiri aðila. Nefndin ber ábyrgð á að réttar upplýsingar berist stjórn félagsins í tæka tíð hvað varðar efni frá nefndinni sem birta á í fréttabréfi félagsmiðstöðvanna á haust- og vorönn. Félagsmiðstöðvar eldri borgara í Bugðusíðu og Víðilundi gefa fréttabréfið út.
12. Formaður nefndarinnar flytur skýrslu um starfsemina og fjárhagslega stöðu á árlegum aðalfundi félagsins. Skýrslan miðast við tímabilið á milli aðalfunda. Skýrslan er afhent í handriti á aðalfundi og jafnframt send á rafrænu formi til ritara félagsins.
13. Nefndin ber ábyrgð á rekstri sínum og skal leitast við að hann sé í jafnvægi. Allur kostnaður sem til fellur vegna viðburða á vegum nefndarinnar nema ræstingar greiðist úr sjóði hennar. Verði sjóðmyndun í starfi nefndarinnar er sá sjóður óháður sjóði félagsins. Bankareikningar nefndarinnar skulu skráðir á kennitölu félagsins og hefur gjaldkeri félagsins skoðunaraðgang að þeim. Prókúru hefur nefndin sjálf. Komi til þess að skemmtinefnd verði lögð niður rennur sjóður nefndarinnar inn í sjóð félagsins.
14. Þurfi nefndin á fjárstyrk að halda úr sjóði félagsins vegna tiltekinna verkefna, kaupa á tækjum eða búnaði þarf hún að senda stjórn félagsins skriflega umsókn þar að lútandi. Í umsókninni þarf að koma fram hvernig styrknum verði varið.
15. Nefndin leitast við í störfum sínum að efla starfsemi félagsins á sínu sviði með þróun og nýbreytni. Hún ásamt öðrum nefndum og stjórn félagsins efnir til viðhorfskannana meðal félagsmanna, þegar henta þykir, á þeirri afþreyingu og tómsundastarfi sem í boði er á hverjum tíma.
16. Á árlegum aðalfundi félagsins eru kosnir fulltrúar í nefndina til eins árs. Sami aðili má aðeins sitja í sömu nefnd samfellt í fjögur ár. Nefndarmaður sem ekki ætlar að gefa kost á sér til endurkjörs í nefndinni á næsta aðalfundi skal láta stjórn félagsins vita um ákvörðun sína fyrir 5. janúar það ár.
17. Um aðra starfsemi vísast í lög félagsins sbr. 5.,6., 9. og 10. grein.
18. Stjórn félagsins getur á hverjum tíma endurskoðað og gert breytingar á starfslýsingu þessari telji hún þess þörf. Samráð skal haft um breytingar við nefndina.
19. Starfslýsingu þessa skal endurskoða eigi síðar en í árslok 2019.

Þannig samþykkt af stjórn félagsins þann ----- 2016